

**2. fundur bæjarráðs haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
miðvikudaginn 11. júlí 2018, kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson formaður, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir varaformaður, Magnús Sigfús Magnússon aðalmaður, Daði Bergþórsson áheymarfulltrúi og Róbert Ragnarsson bærarstjóri.

Fundargerð ritaði: Róbert Ragnarsson bærarstjóri.

1. Nefndir og ráð:kjörnir fulltrúar: þóknun kjörinna fulltrúa og nefndarlaun - 1806809

Formaður leggur fram til umræðu tillögu að samþykkt um þóknunir kjörinna fulltrúa og nefndarlaun.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2. Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs - 1806803

Tillaga að þjónustugjaldskrá sameinaðs sveitarfélags er lögð fram til umræðu. Bæjarráð vísar tillögunni til fyrri umræðu í bærarstjórn í ágúst.

Bæjarráð samþykkir jafnframt að einstaka kaflar þjónustugjaldskrár verði sendir viðkomandi fagráðum og starfsmanna þeirra til umsagnar og yfirferðar. Umsagnir fagráða skulu liggja fyrir bæjarráði 22. ágúst þar sem fram kemur hvar og hvernig er hægt að samræma gjaldskrár frá Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði.

Fjölskyldu- og velferðarnefnd fjalli um kaflann um félagsþjónustu.

Fræðsluráð fjalli um kaflann um fræðslu- og uppeldismál.

Ferða-, safna og menningarráð fjalli um kaflann um menningarmál.

Íþrótt- og tómstundaráð fjalli um kaflann um íþróttamiðstöðvar.

Framkvæmda- og skipulagsráð fjalli um kaflann um þjónustugjöld framkvæmda og skipulags.

3. Innkaupareglur - 1806800

Drög að Innkaupareglum Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs lagðar fram til umræðu.

Afgreiðslu frestað.

4. Bærarstjórn: siðareglur - 1806795

Drög að Siðareglum teknar til umræðu.

Bæjarráð leggur til að haldinn verði vinnufundur allra bærarfulltrúa þar sem gengið verði frá siðareglum og þannig tryggt að allir bærarfulltrúar eigi sinn þátt í að semja þær reglur sem þeir síðan starfa eftir.

5. Fjarskiptaþjónusta: tilboð - 1807025

Bæjarráð felur starfandi bærarstjóra að ganga til samninga við Símann á grundvelli fyrirliggjandi tilboða og skal samningurinn lagður fyrir bærarstjórn til staðfestingar.

2. fundur bæjarráðs
11.07.2018

Jafnframt felur bæjarráð starfandi bærarstóra að skipa verkefnahóp sem fær það verkefni að fylgja eftir innleiðingu nýs símkerfis. Hópurinn skal skila tillögu um símanúmeraseríu fyrir sveitarfélagið á næsta fundi bæjarráðs.

6. Aðgengi að Íþróttamiðstöðvum - 1807030

Bæjarráð telur rétt að aðgangskort íbúa að sundlaugum gildi jafnt í báðum sundlaugum sveitarfélagsins og er stefnt að gildistöku 1. ágúst næstkomandi. Minnisblaðinu er vísað til kynningar í íþrótt- og tómstundaráði.

7. Hjólakraftur- tillaga að viðauka. - 1807026

Bæjarráð óskar eftir nánari upplýsingum varðandi kostnað við verkefnið til þessa á árinu 2018 og mat á árangri af því.

Afgreiðslu frestað.

8. Knattspyrnufélagið Víðir: ósk um styrk - 18061393

Minnisblað tæknifulltrúa liggur fyrir fundinum.

Bæjarráð telur mikilvægt að samræmi sé í þeim ákvörðunum sem teknar eru gangvart rekstri knattspyrnumannvirkja í sveitarfélaginu. Samningar vegna beggja knattspyrnuvalla eru lausir í árslok og er umræðu um þá vísað til fjárhagsáætlunargerðar ársins 2019 og til umsagnar í íþrótt- og tómstundaráði.

Erindi Knattspyrnufélagsins Víðis vísað til vinnslu hjá bærarstjóra.

Fundi slitið kl. 14:15.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmafríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Róbert Ragnarsson